

REGLUGERÐ

137

20. des.

um breyting á reglugerð nr. 132 28. desember 1936, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

1. gr.

12. gr., 2. b-liður orðist þannig:

Nemandi leggi fram ökuskírteini sitt, ennfremur áreiðanleg vottorð um, að hann hafi ekið bifreið að jafnaði ekki skemur en 6 mánuði og þar af ekki skemur en 3 mánuði á undanförunum 12 mánuðum. Nemandi leggi og fram vottorð skoðunarmanns bifreiða í lögsagnarumdæmi því, þar sem heimilisfang hans er, eða skoðunarmanns í Reykjavík um hæfni hans og reynslu sem bifreiðarstjóri, einnig að hann hafi prófað umsækjanda sérstaklega í akstri og telji hann færan til þess að ganga undir viðbótarprófið.

2. gr.

17. gr. Í síðustu meginmálsgrein, falli niður: „þó ekki forstöðumaður námskeiðsins“.

3. gr.

18. gr. orðist þannig:

Við prófið skal gefa séreinkunn í hverju eftirgreindra atriða:

- a. Þekkingu á mótorvélinni, með rafmagnskerfi, kælivatnskerfi, benzínkerfi og smurningskerfi, svo og gangtruflunum.
- b. Þekkingu á vinnslukerfi bifreiðarinnar, svo sem tengslum, skiptihjólakassa, mismunadrifi, hemlum og stýrisumbúnaði, ásamt tilheyrandi smurningstækjum.
- c. Prófabakstri.
- d. Bifreiðalögum og reglugerðum, svo og hvað gera skuli ef sérstök vandkvæði bera að höndum.

Einkunnir skulu gefnar frá 0—8 með þriðjungs millieinkunnum.

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammi-stöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildi einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan. Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið er $4\frac{2}{3}$ og má einkunn í prófabakstri ekki vera lægri. Nú nær prófsveinn nægilega hárrí meðaleinkunn, en ekki lágmarkseinkunn í prófabakstri, og skal þá prófnefnd gefa honum kost á að ganga aftur undir próf í akstri, þó ekki fyrr en að 3 mánuðum liðnum.

Fyrir slíkt próf skal prófsveinn greiða 15 krónur.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 70 8. september 1931, um notkun bifreiða, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.